

# Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands

## Ársreikningur 2021

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands  
Hlíðarsmára 8  
201 Kópavogur  
Kt. 480169-4179

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

## Rekstur ársins 2021

Starfsemi Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands (EBÍ) á árinu 2021 fólst í fjármálastarfsemi. Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2021 að fjárhæð 68,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 2.253,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 66,6% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Á árinu störfuðu tveir starfsmenn hjá félaginu. Vísað er í skýringu 12 varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé félagsins.

Félagið ver hagnaði sínum til almannaheilla með það að markmiði að efla brunavarnir sveitarfélaga landsins. Á árinu 2021 greiddi félagið 90 millj. kr. í ágóðahlut til aðildarsveitarfélaga félagsins. Jafnframt hefur félagið styrkt ýmis verkefni á sviði forvarna í brunamálum s.s. útgáfa á kennslubók í viðbrögðum við gróðureldum í samvinnu við Mannvirkjastofnun, verkefni í brunavörnum inn á leikskólum landsins í samvinnu við slökkviliðin og slökkviálfana Loga og Glóð og þróun hugbúnaðar til að efla eftirlit með brunavörnum og auka öryggi í byggingum í samvinnu við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og Mannvirkjastofnun. Þá hefur félagið tekið þátt í ýmsum forvarnarverkefnum á vegum Eldvarnabandalagsins, en aðilar að því auk EBÍ eru m.a. tryggingafélögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og önnur félagasamtök sem láta forvarnir í brunamálum sig varða.

Stjórn Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Þann 7. september 2012 samþykkti stjórnin formlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Starfsreglurnar voru endurskoðaðar á árinu 2019, aukin upplýsingagjöf og árangursmat framkvæmdastjóra bætt inn. Stjórnin samþykkti í lok árs stefnu EBÍ um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna þar sem aðaláherslan er lögð á 8 heimsmarkmið. Félagið hefur sett sér fjárfestingastefnu sem unnið er eftir við fjárfestingar. Þar er m.a. tilgreint hver séu markmið um skiptingu eigna niður á ábyrgðaraðila. Samkvæmt núverandi stefnu er gert ráð fyrir að 41% eigna séu í ríkisbréfum og innlánum, 20% í innlendum og erlendum hlutabréfum og 10% í skuldabréfum sveitarfélaga. Meginmarkmið stefnunnar er að EBÍ standi undir skilgreindum lágmarksútgreiðslum til sveitarfélaganna og líkur á að skerða höfuðstól með útgreiðslum séu lágmarkaðar. Fjárfestingastefnan er endurskoðuð árlega. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og fundar með endurskoðendum félagsins.

Fjöldi sveitarfélaga sem á hlut í sameignarsjóði félagsins var 56 í árslok 2021. Hlutdeild sameignarsjóðsins er 42,7% (2020: 41,7%). Aðrir sameigendur skiptast þannig að 36,4,% (2020: 37,2%) eru í eigu einstaklinga, 20,9% (2020: 21,6%) í eigu lögaðila. Sjá nánar í skýringu 16.

## Covid - 19

Áhrif af Covid 19 eru mjög takmörkuð á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins. Félagið færir verðbréf sín á gangvirði og því felast áhrif Covid 19 helst í mati á gengi bréfa. Verðbréf eru öll færð á markaðsgengi og ekki er um notkun matslíkana að ræða. Engin breyting var gerð á fjárfestingarstefnu eða fjárfestingum félagsins vegna áhrifa af Covid.

Framkvæmdastjóri:

Reykjavík, / 2021.

Stjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Eignarhaldsfélags Brunabótafélag Íslands

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Eignarhaldsfélags Brunabótafélag Íslands („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, / 2021.

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>			
Gangvirðisbreytingar verðbréfa .....		315.279.611	339.419.455
Vaxtatekjur og verðbætur af handbæru fé .....		3.458	12.977
Fjármagnsgjöld .....		( 12.176.094)	( 9.418.620)
		303.106.975	330.013.812
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	8	31.673.902	31.469.243
Lífeyrisskuldbinding .....	14	104.333.579	94.907.552
Rekstur húsnæðis .....		2.961.932	2.981.167
Annar rekstrarkostnaður .....		28.166.309	27.368.823
		167.135.722	156.726.785
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnstekjuskatt .....		135.971.253	173.287.027
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		135.971.253	173.287.027
Fjármagnstekjuskattur .....	13	( 67.596.213)	( 68.571.343)
<b>Hagnaður ársins .....</b>		68.375.040	104.715.684

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Eignir</b>			
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini .....		2.640.662.809	2.668.922.011
Hlutabréf og hlutabréfasjóðir .....		706.813.819	670.671.540
	Verðbréf samtals	<u>3.347.476.628</u>	<u>3.339.593.551</u>
Rekstrarfjármunir .....		3.633.554	4.973.554
Aðrar skammtímakröfur .....		62.700	0
Handbært fé .....		34.024.067	20.179.838
	Aðrar eignir samtals	<u>37.720.321</u>	<u>25.153.392</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u><u>3.385.196.949</u></u>	<u><u>3.364.746.943</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Sameignarsjóður .....		962.977.736	947.906.893
Annað eigið fé .....		1.290.790.172	1.327.485.975
	Eigið fé 6,12,16	<u>2.253.767.908</u>	<u>2.275.392.868</u>
<b>Skuldir</b>			
Lífeyrisskuldbinding .....		893.196.338	862.953.296
Áfallinn fjármagnstekjuskattur .....	7,13	236.796.574	224.974.393
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	1.436.129	1.426.386
	Aðrar skuldir samtals	<u>238.232.703</u>	<u>226.400.779</u>
	Skuldir og skuldbindingar samtals	<u>1.131.429.041</u>	<u>1.089.354.075</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><u>3.385.196.949</u></u>	<u><u>3.364.746.943</u></u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		68.375.040	104.715.684
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		1.340.000	1.340.000
Áfallinn fjármagnstekjuskattur, breyting .....		11.822.181	35.148.781
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....		30.243.042	32.676.679
	Veltufé frá rekstri	<u>111.780.263</u>	<u>173.881.144</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtíma kröfur, hækkun .....	( 62.700)		0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....	9.743	( 120.910)	
	Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	<u>( 52.957)</u>	<u>( 120.910)</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>111.727.306</u>	<u>173.760.234</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Verðbréfaeign, breyting .....	( 7.883.077)	( 137.968.040)	
	Fjárfestingarhreyfingar	<u>( 7.883.077)</u>	<u>( 137.968.040)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Framlag til sveitarfélaga .....	( 90.000.000)	( 70.000.000)	
	Fjármögnunarhreyfingar	<u>( 90.000.000)</u>	<u>( 70.000.000)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		13.844.229	( 34.207.806)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>20.179.838</u>	<u>54.387.644</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u><u>34.024.067</u></u>	<u><u>20.179.838</u></u>



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskyldu að verðbréf eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

### 2. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### 3. Verðbréf

Verðbréf samanstanda af skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum, hlutabréfum og hlutabréfasjóðum. Verðbréf eru færð til eignar á áætluðu markaðsverði í árslok.

### 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### 5. Handbært fé

Óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 6. Eigið fé

Framlag til sveitarfélaga á grundvelli samþykka félagsins er fært til lækkunar á eigin fé.

### 7. Áfallinn fjármagnstekjuskattur

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er undanþegið greiðslu tekjuskatts samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Félaginu ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innleystum fjármunatekjum.

### 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Laun .....	17.573	17.523
Stjórnarlaun .....	7.093	6.914
Launatengd gjöld .....	7.009	7.032
Laun, launatengd gjöld samtals .....	31.674	31.469
Starfsmenn að meðaltali .....	1,4	1,4

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra nema 17.095 þús. kr. á árinu 2021 (2020: 16.870 þús.kr.).

### 9. Skuldabréf og hlutdeildarskírteini

Skuldabréf og hlutdeildarskírteini félagsins í árslok greinast þannig:

	2021	2020
Skuldabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	1.041.158	809.759
Skuldabréfasjóðir .....	1.599.504	1.859.163
	2.640.663	2.668.922

## Skýringar, frh.:

### 10. Hlutabréf og hlutabréfasjóðir

Hlutabréf og hlutabréfasjóðir félagsins í árslok greinast þannig:	2021	2020
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	152.346	155.698
Hlutabréfasjóðir .....	548.794	455.543
Óskráð hlutabréf .....	5.674	59.431
	<u>706.814</u>	<u>670.672</u>

### 11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Listaverk	Samtals
Heildarverð 1.1.2021 .....	6.700	1.065	7.765
Heildarverð 31.12.2021 .....	<u>6.700</u>	<u>1.065</u>	<u>7.765</u>
Afskriftir 1.1.2021 .....	2.792	0	2.792
Afskrifað á árinu .....	1.340	0	1.340
Afskriftir 31.12.2021 .....	<u>4.132</u>	<u>0</u>	<u>4.132</u>
Bókfært verð 31.12.2021 .....	2.568	1.065	3.633
Afskriftahlutfall .....	20%	0%	

### 12. Eigið fé

Eiginfjárreikningar í lok ársins 2021 og breytingar á þeim á árinu greinast þannig:

	Sameignar- sjóður	Annað eigið fé*	Samtals
Eigið fé 1.1.2021 .....	947.907	1.327.486	2.275.393
Framlag til sveitarfélaga .....		( 90.000)	( 90.000)
Hagnaður ársins .....		68.375	68.375
Fært í sameignarsjóð .....	15.071	( 15.071)	0
Eigið fé 31.12.2021 .....	<u>962.978</u>	<u>1.290.790</u>	<u>2.253.768</u>

Hlutdeild sameignarsjóðsins í eigin fé er byggð á hutfallslegri skiptingu eigin fjár milli eignaraðila sbr. skýringu 16.

\*Félagið færir verðbréfaeign sína á gangvirði gegnum rekstrarreikning í samræmi við reikningsskilareglur. Samkvæmt 38. gr. laga um ársreikninga, skal færa sömu fjárhæð vegna matsbreytinga á fjáreignum sem tilgreindar eru á gangvirði við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af að teknu tilliti til skattáhrifa.

Binding gangvirðisbreytinga hófst í ársbyrjun 2016. Óinnleystur gengishagnaður í árslok 2021 nam 1.039 millj. kr. (2020: 1.023 millj. kr.).

## Skýringar, frh.:

---

### 13. Skuldbindingar

Félagið er undanþegið greiðslu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003 eins og forveri þess Brunabótafélag Íslands var allt frá stofnun. Félagið hefur hins vegar greitt fjármagnstekjuskatt af innleystum vaxtatekjum á grundvelli 4. mgr. 72. gr. laga nr. 75/1981 síðan ákvæðin um fjármagnstekjuskatt komu til framkvæmda á árinu 1997. Á árinu 2021 nam innleystur fjármagnstekjuskattur 55,8 millj. kr.

Fjármagnstekjuskattur greinist þannig:

	2021	2020
Fjármagnstekjuskattur í upphafi árs .....	224.975	189.825
Reiknaður fjármagnstekjuskattur á árinu .....	67.596	68.571
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu .....	( 55.774)	( 33.422)
Fjármagnstekjuskattur í lok árs .....	<u>236.797</u>	<u>224.975</u>

### 14. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna fyrrverandi starfsmanna þess. Félagið greiðir hluta af eftirlaunum fyrrverandi starfsmanna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og námu slíkar greiðslur um 74 millj. kr. á árinu. Lífeyrisskuldbinding félagsins er reiknuð af tryggingastærðfræðingi miðað við 2% vexti. Lífeyrisskuldbindingin nam um 893,2 millj. kr. í árslok 2021 og er hún færð í ársreikninginn.

### 15. Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir greinast þannig:	2021	2020
Ógreiddir reikningar .....	129	105
Ógreidd launatengd gjöld .....	<u>1.307</u>	<u>1.321</u>
Ýmsar skammtímaskuldir, samtals .....	<u>1.436</u>	<u>1.426</u>

### 16. Önnur mál

Samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands eru sameigendur félagsins tryggingatakar og sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins eftir nánari reglum laganna. Eignarréttindi tryggingataka falla til sameignarsjóðsins þegar eignaraðild þeirra verður óvirk samkvæmt 15. gr. laganna. Eignaraðild að félaginu var sem hér segir í árslok.

	2021	2020
Tryggingatakar .....	57,27%	58,34%
Sameignarsjóður .....	<u>42,73%</u>	<u>41,66%</u>
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Félagið hefur skuldbundið sig til leigu á húsnæði undir starfsstöð sína. Samningurinn er ótímabundinn og er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

# Undirritunarsíða

Framkvæmdastjóri EBÍ  
Anna Sigurðardóttir

Í stjórn EBÍ  
Björn Ingimarsson

Í stjórn EBÍ  
Ása Helgadóttir

Í stjórn EBÍ  
Friðbjörg Matthíasdóttir

Í stjórn EBÍ  
Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Í stjórn EBÍ  
Margrét Friðriksdóttir

Í stjórn EBÍ  
Silja Jóhannesdóttir

Í stjórn EBÍ  
Stefán Óskar Jónasson

KPMG ehf.  
Hrafnhildur Helgadóttir